



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Sigurður Smári Benonýsson <bygg@vestmannaeyjar.is>
Re: Eyjar - deiliskipulagsbreyting til umsagnar á vinnslustigi - Náttúrufræðistofnun Íslands
Sent: 23/06/2017 11:13:32 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060011, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2017060011

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við erindið en skipulagið er á þegar röskuðu svæði og eðli þess, meðferð olíu og mengunarvarnir, utan hlutverks stofnunarinnar. Engu að síður bendir Náttúrufræðistofnun á að tryggja verður að mengunarvarnir verði í hæsta góðaflokki til að vernda lífríki Vestmannaeyja.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigurður Smári Benonýsson <bygg@vestmannaeyjar.is>

Dags: 09/06/2017 11:48:11

Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Efni: Eyjar - deiliskipulagsbreyting til umsagnar á vinnslustigi - Náttúrufræðistofnun Íslands

Góðan daginn

Skipulagsráð Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum 8. Júní að kynna breytingartillögu deiliskipulags á svæði H-2 á vinnslustigi. Skipulagstillagan samanstendur af greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu, -sjá viðhengi.

Meginmarkmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að deiliskipuleggja lóð Olíudreifingar fyrir olíubirgðastöð, setja inn núverandi legu olíulagna neðanjarðar frá lóðinni og út á hafnarsvæði inn á skipulag, uppfæra skilmála fyrir lóðina Kleifar 3-7 í samræmi við fyrri samþykktir bæjarstjórnar og bæta inn gönguleiðum við Eiðið.

Hlutverk kynningar á vinnslustigi er að gefa upplýsingar um tillöguna og gefa íbúum og

öðrum hagsmunaaðilum tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum, áður en breytingartillagan verður auglýst formlega.

Óskað er eftir því að umsagnir og ábendingar berist í síðasta lagi 10 júlí n.k. á netfang skipulagsfulltrúa bygg@vestmannaeyjar.is eða bréflega til umhverfis-og framkvæmdasviðis Skildingavegi 5.

kv.
Sigurður Smári Benónýsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Planning and building manager

bygg@vestmannaeyjar.is

Vestmannaeyjabær.

Umhverfis-og framkvæmdasvið.

Skildingavegi 5.
+354 4882530
+354 8965034
www.vestmannaeyjar.is

-----Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/alttext/stjt/1999.107.html>) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.



- A1221-003-U02 Deiliskipulagsbreyting uppdráttur með greinagerð A2.pdf